Sþ. **2. Tillaga til þingsályktunar**

um söluverð á síldarmjöli innan lands til fóðurbætiskaupa.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli selja síldarmjöl til notkunar innan lands á árinu 1942 sama verði og síðast liðið ár, enda greiði ríkissjóður síldarverksmiðjunum mismuninn á þessu verði og almennu markaðsverði erlendis.

Greinargerð.

Með samningi, dags. 27. júní 1942, seldu Íslendingar Agricultural Marketing Administration, U. S. Department of Agriculture, 25000 tonn af síldar- og fiskimjöli. Söluverðið, sem er í dollurum, miðast að nokkru leyti við gæði mjölsins (proteinmagnið í mjölinu), og mun láta nærri, að það verði um 52 kr. hver 100 kg fob Ísland.

Eins og heyskaparhorfur eru nú hér á landi, má fullvíst telja, að þörf bænda fyrir fóðurmjöl verði með allra mesta móti, en afkoma margra bænda hins vegar ekki svo góð, að búrekstur þeirra fái risið undir hinu óvenju háa mjölverði, að minnsta kosti ekki án þess að hlaupið yrði undir bagga með þeim á annan hátt, til dæmis með því, að vinnulaun við heyskapinn yrðu að meira eða minna leyti greidd af opinberu fé. Hefur því ríkisstjórnin talið nauðsynlegt, að bændum gæfist kostur á að fá keypt síldarmjöl til búsþarfa sinna fyrir eigi hærra verð en það var lægst selt fyrir í fyrra, eða 32 kr. hver 100 kg fob afgreiðsluhöfn, og leitar nú samþykkis Alþingis til þess að greiða úr ríkissjóði það fé, er með þarf til þess að síldarverksmiðjur ríkisins verði skaðlausar af slíkri sölu, enda sé þá miðað við almennt markaðsverð erlendis.

Eigi verður sagt með vissu, hver útgjöld þetta bakar ríkissjóði, fyrr en séð er, hversu mikil mjölkaup bænda verða og hvert verður erlent gangverð mjölsins. En eigi þykir ósennilegt að áætla þessi útgjöld um 12—15 hundruð þúsund krónur. Hefur ríkisstjórnin, — þrátt fyrir miklar tekjur ríkissjóðs —, með hliðsjón af ört vaxandi útgjöldum ríkisins, talið rétt að afla ríkissjóði sérstakra tekna til að standast þessi útgjöld og því ákveðið að hagnýta heimild í 5. gr. laga nr. 98/1941 til þess að leggja 10% útflutningsgjald á útfluttan ísfisk, annan en þann, sem brezka matvælaráðuneytið flytur út, og helzt fob-verðið á Íslandi óbreytt.

Ekki er heldur unnt að svo stöddu að segja, hversu miklar verði tekjur ríkissjóðs af þessum útflutningstolli. Á pappírnum munu þær, að óbreyttum kringumstæðum, nema allmörgum milljónum króna. En sá hængur er á, að með hliðsjón af gildandi skattalagaákvæðum má segja, að þessi tollur sé að verulegu leyti lagður á ríkissjóðinn sjálfan og bæjar- og sveitarsjóði, þar eð bein afleiðing tollsins verður veruleg rýrnun tekjuskattsins og stríðsgróðaskattsins annars vegar, en útsvarsstofns bæjar- og sveitarsjóða hins vegar. Óhætt mun þó að gera sér vonir um, að aukatekjur ríkissjóðs af þessum nýja tolli nemi allmiklu meira en útgjöldin vegna mjölsölunnar, nema nauðsynlegt þyki að bæta bæjar- og sveitarsjóðum tekjumissi þeirra vegna álagningar tollsins.

Rétt þykir að geta þess, að síðast liðið vor munu síldarverksmiðjur ríkisins hafa selt um 600 tonn af síldarmjöli til innlendra þarfa fyrir 43 kr. 100 kílóin, er menn hafa keypt í því skyni að tryggja sér fóðurbirgðir til næsta vetrar, og margir fyrir áeggjan seljanda. Þykir sanngjarnt, að þessir menn fái síldarmjölið með sama verði og aðrir, sem síðar kaupa síldarmjöl, og að þeim verði því endurgreiddur verðmunurinn, 11 kr. fyrir hver 100 kg.